

Sjónvarp Símans appið

18.03.2026

Með Sjónvarp Símans appinu getur þú horft á sjónvarpið hvar sem er, en appið er fáanlegt í fjölda snjalltækja.

Uppsetning

Það er einfalt mál að setja upp Sjónvarp Símans appið og aðferðin er nokkurnvegin sú sama óháð tegund tækis

- Sæktu *Sjónvarp Símans* appið í [App Store](#), [Play Store](#) eða app verslun sjónvarpsins þíns.
- Opnaðu appið.
- Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum eða pörunarkóða.

Í hvaða tækjum er appið fáanlegt?

Eftirfarandi tæki styðja *Sjónvarp Símans* appið

- iPhone og iPad með iOS 16 eða nýrra.
- Tæki með Android 12 eða nýrra.
- Apple TV með tvOS 16 eða nýrra.
- Flest LG sjónvörp framleidd 2018 eða seinna.
- Flest Samsung sjónvörp framleidd 2018 eða seinna.

Hvar fæ ég pörunarkóða?

Þú getur notað 8 stafa pörunarkóða til að skrá þig inn í *Sjónvarp Símans* appið eða myndlykil í stað þess að nota rafræn skilríki. Þú getur sótt pörunarkóða á þjónustuvefnum eða í *Sjónvarp Símans* appi sem er þegar tengt við áskriftina þína.

Sækja pörunarkóða á þjónustuvef

- Skráðu þig inn á [þjónustuvefinn](#).
- Veldu **Stillingar**.
- Veldu **Mín tæki**.
- Veldu **Fá pörunarkóða**.

Sækja pörunarkóða í appinu

- Opnaðu *Sjónvarp Símans* appið í tæki sem er þegar innskráð.
- Veldu **Stillingar** í hliðarvalmyndinni vinstra megin eða neðst á skjánum.
- Veldu **Aðgangur** eða **Mín tæki**
- Veldu **Fá pörunarkóða**.
- Sláðu inn PIN áskriftarinnar.



Gleymt PIN?

Ef þú hefur ekki breytt því, þá er PIN áskriftarinnar **1234**. Ef þú breyttir PIN og manst ekki hvað það er getur

Þú endurstilt það á [þjónustuvefnum](#).

Nýjustu útgáfur Sjónvarp Símans appsins

Tegund tækis	Nýjasta útgáfa	Studd tæki
iPhone	4.0.0	iOS 16 - 26
Apple TV	4.0.6	tvOS 16 - 26
Android	4.0.1	Android 12 - 16
Android TV	4.0.1	Android 12 - 16
Samsung sjónvörp	1.0.1	Tizen 4 - 9
LG sjónvörp	1.0.1	WebOS 4 - 25
Philips Titan	1.0.1	Tæki framleidd 2023 eða síðar
Hisense	1.0.1	Tæki framleidd 2025 eða síðar



Engar áhyggjur!

Þú getur alltaf notað myndlykil eða snjalltæki eins og Apple TV eða Google TV ef sjónvarpið þitt styður ekki appið!